

Til: Byggðarráðs

Frá: Ungmennafélaginu Ólafi Pá

Búðardal, 19.10.2021

Efni: Samvinnuverkefni vegna aðgengis fólks með fötlun.

Góðan daginn.

Aðgengi fyrir einstaklinga með fötlun er jafnréttismál og á stjórnarsýslan öll að gera hvað hægt er til að tryggja þeim möguleika á sjálfstæði. Í því fellst að þeir einstaklingar geti farið um óheft og m.a. að aðgengi að byggingum sé hannað út frá þeirra þörfum.


Ein af þeim byggingum sem ekki uppfyllir aðgengi fyrir alla í Dalabyggð er húsnæði ungmennafélagsins Ólafs Pá að Vesturbraut 8 þar sem má í dag finna líkamsræktaraðstöðu, snyrtistofu, Bowen meðferðaraðila og hárgreiðslustofu. Þá er unnið að uppsetningu aðstöðu fyrir sjúkrabjálfa í húsinu um þessar mundir.

Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki sem veitendur þjónustu, t.d. þegar kemur að menntun barna og unglinga, tómstunda- og íþróttastarfi. Í dag nýtir m.a. Auðarskóli líkamsræktarstöðina ásamt því að boðið er upp á ýmskonar hóptíma fyrir íbúa til heilsueflingar og opið aðgengi fyrir eldri borgara á vissum tímum.

Ungmennafélagið vinnur eftir stefnuskrá UMFÍ og er hlutverk samkvæmt henni m.a. ræktun lýðs og lands með áherslu á að standa fyrir iðkun íþróttar og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu og starfa í anda jafnréttis. Félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni og hefur þurft að safna fjármagni til að ráðast í þær framkvæmdir sem þegar hafa farið fram í og við húsið.

Eftir stendur þó að bæta aðgengi fyrir einstaklinga með fötlun. Því óskar stjórn Ólafs Páa eftir því að sveitarfélagið Dalabyggð sækir um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum til Jöfnunarsjóðs í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 280/2021 um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það verði gert í samvinnu við félagið til að bæta aðgengið við Vesturbraut 8 og væri hægt að byggja upp aðgengi fyrir alla íbúa að þeirri þjónustu sem er að finna í húsnæðinu.

Með von um góð viðbrögð við erindinu,


f.h. stjórnar Ungmennafélagsins Ólafs Pá